


2023-
2024

ÁRSSKÝRSLA



SORPSTÖÐ SUÐURLANDS bs.
2023-2024

Inngangur

Í þessari ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) fyrir starfsárið 2023 – 2024 er fjallað um störf stjórnar og farið yfir helstu verkefni á milli aðalfunda þann 27. október 2023 og 1. nóvember 2024.

Skipan stjórnar

Í stjórn á starfstímabilinu voru:

Aðalmenn: Anton Kári Halldórsson, formaður, Bragi Bjarnason, varaformaður, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, ritari, Ása Valdís Árnadóttir og Fjóla St. Kristinsdóttir.

Varamenn: Eggert Valur Guðmundsson, Haraldur Þór Jónsson, Sveinn Ægir Birgisson, Helga Lind Pálsdóttir og Ingibjörg Kjartansdóttir.

Á tímabilinu hélt stjórn átta formlega fundi ýmist á skrifstofu SASS á Selfossi eða á Teams.

Verkefni stjórnar

Aðgerðir vegna móttöku á úrgangi

Hlutverk SOS hefur tekið talsverðum breytingum á undanförunum árum þar sem SOS hefur ekki haft með höndum að tryggja farvegi úrgangs frá aðildarsveitarfélögum nema að litlu leyti.

Flest aðildarsveitarfélög innan SOS eru til fyrirmyndar er kemur að meðhöndlun úrgangs innan sinna sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa gert samninga við sín hirðingarfyrirtæki um afsetningu á þeim úrgangi sem þau gætu unnið úr. Sífellt er verið að leita nýrra hagkvæmari og umhverfisvænni lausna

SOS hefur því að mestu einblínt á lausnir fyrir þann úrgang sem erfitt hefur verið að finna farveg fyrir og má þar helst nefna dýraleifar í áhættuflokki 1 og úrgang úr fitugildrum. Endanlegir farvegir liggja þó enn ekki fyrir en unnið er að lausnum og spilar Orkugerðin, sem SOS á hlut í, þar stórt hlutverk. Nánar verður fjallað um stöðu Orkugerðarinnar og það sem þar er fram undan í kafla hér á eftir.

Stærsti hluti sorps sem safnað er á Suðurlandi er flutt út fyrir landsteinana þar sem það er nýtt til orkuvinnslu. Þetta fyrirkomulag gengur sem stendur vel og er vaxandi eftirspurn erlendis frá eftir brennanlegum úrgangi. Þessar aðferðir hafa gengið vel en ljóst er að kostnaður við afsetninguna er drjúgur og íþyngjandi fyrir rekstur málaflokksins hjá sveitarfélögunum og fer trúlega vaxandi með árunum.

Úrvinnsla á tillögum í úrgangsmálum á starfssvæði SOS – Magntölur

Elisabet Björney Lárusdóttir, umhverfissérfræðingur hjá SASS hefur að undanförunu haldið utan um úrgangsmagn ólíkra úrgangsflokka ásamt kostnaði fyrir sveitarfélög á

Suðurlandi. Fyrir fundi okkar í dag liggja gögn fyrir árin 2016-2023. Það hefur reynst talsvert flókið að tína saman öll gögn til að gera slíka greiningu en gögnin verða þó betri og áreiðanlegri með ári hverju. Til að gera þau enn betri er mikilvægt að sveitarfélögin rýni þau vel.

Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi

Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi hefur haldið tvo fundi á tímabilinu sem fulltrúar SOS, formaður og varaformaður hafa setið, ýmist stað- eða fjarfundir.

Talsverð meiri virkni var í starfshópnum á liðnum árum, eða þar til skrifað var undir svæðisáætlun sorpsamlaganna þann 14. desember 2022. Engu að síður er þessi vettvangur okkur mikilvægur til að fræðast og miðla upplýsingum. Öll samlögin sem eiga aðgang að nefndinni leggja metnað sinn í að finna í sameiningu farsæla leið fyrir úrgangsstrauma til hagsbóta fyrir alla aðila.

Talsverð umræða hefur farið fram í hópnum varðandi málefni hátæknibrennslustöðvar sorps á Íslandi. Á fundi nefndarinnar í mars sl. var kynnt ný skýrsla þar sem bornir eru saman tveir valkostir varðandi uppbyggingu brennslustöðvar. Niðurstaða skýrslunnar er skýr hvað varðar brennslu hérlandis sem skapar ódýrari skilyrði fyrir úrgang til brennslu miðað við útflutning á hráefni. Útreikningar miðast við um 140 þúsund tonna brennslustöð, en talsvert hefur einnig verið rætt um stærð hennar og hvort æskilegt væri að gera ráð fyrir meira magni. Samtali hefur verið komið á um að stofna undirbúningsfélag til að leiða verkefnið áfram, en gert er ráð fyrir því að ríkið eigi og reki stöðina. Staðsetning stöðvarinnar hefur einnig komið til umræðu og er talið að hún sé ákjósanlegust í nágrenni við höfuðborgarsvæðið, en yfir 80% magn úrgangs til brennslu fellur til á SV-horni landsins.

Frágangur urðunarsvæðis í Kirkjuferjuháleigu

Í gildi er samningur við EFLU um mælingar og vöktun á urðunarsvæðinu í Kirkjuferjuháleigu þannig að opinberum kröfum Umhverfisstofnunar vegna lokunarinnar sé sinnt. Hafa niðurstöður mælinga sýnt að þær mæta kröfum stofnunarinnar. Almennit lítur svæðið mjög vel út og er SOS til sóma en það kostar SOS nokkra fjármuni á hverju ári að viðhalda svæðinu og uppfylla kröfur í samræmi við samþykkt lokunar- og eftir atvikum úrbótaáætlun svæðisins.

Á undanförunum árum hefur ýmis notkun á umræddri jörð verið rædd. Svo sem til einhvers tilgangs er varða m.a. úrgangsmál, útivist og jafnvel mótorkross. Stjórn SOS ræddi á fundi sínum nýlega, þar sem erfiðlega gengi að finna leið til að nýta svæðið til framtíðar, hvort æskilegt væri að kanna möguleikann á því að selja jörðina. Formanni var falið að kanna möguleikann á sölu þ.e. hvort það sé yfir höfuð hægt út frá þeim skilmálum sem eru fyrir hendi varðandi lokunaráætlun og eins leggja mat á arðsemi sölu. Umrætt minnisblað er í vinnslu hjá Lögmennum Suðurlands, en vinnu við það er ekki lokið. Að mati stjórnar er nauðsynlegt að huga að stöðu þessarar landeignar, nýtingu eða sölu hennar í framtíðarskipulagi SOS.

Orkugerðin ehf.

Sorpstöð Suðurlands fer með 34,1% eignarhlut í Orkugerðinni og er þar með stærsti hluthafinn í félaginu. Að undanfögnu hafa staðið yfir framkvæmdir við stækkun verksmiðjunnar. Framkvæmdir töfðust talsvert frá því sem ætlað var en öllum stærri verkefnum í þessum fasa er nú lokið og unnið í fínstillingum á stöðinni.

Nýr sjóðari og ketill voru teknir í gagnið í júní sl. og hefur það skilað meiri afkastaaukningu stöðvarinnar en reiknað var með. Tekið var á móti 1.200 tonnum nú í september og stefnir í að tekið verði á móti 1.300-1.400 tonnum í október. Upphaflega var áætlað að með stækkun gæti stöðin tekið á móti 14.000 tonnum á árs grundvelli.

Þessari magnaukningu fylgir líka talsverð framleiðsluaukning á mjöli og er líklegt að það verði um 2.800 tonn á ári. Samningar varðandi sölu á um helmingi þess mjöls til Yara eru langt komnir, eftirspurn er eftir hráefninu og hefur fengist fyrir það gott verð. Með samningi við Yara verður komið í veg fyrir mikið birgðahald og kostnað því tengdu, auk þess að það verður auðveldara að halda verðstefnu.

Unnið er að ýmsum aðgerðum er varða lyktareyðingu en þau mál þarf að taka föstum tókum og klára varanlega.

Næsta verkefni Orkugerðarinnar er að vinna áætlanir fyrir áhættuflokk 1 (cat 1) línu sem myndi smellpassa við þá uppbyggingu sem nú þegar hefur átt sér stað. Stjórn SOS og Orkugerðarinnar hafa talsvert þurft að beita sér við ríkið til að fá áheyrn varðandi fyrirhugaða uppsetningu slíkrar móttöku í Dysnesi. Að lokum fengum við áheyrn og fagnar stjórn því að nú sé komið á virkt samtal milli ráðuneytis og Orkugerðarinnar.

Samningar SOS og SASS

Samningar voru endurnýjaðir við SASS um að vinna að ákveðnum verkefnum sem SOS þarf að halda utan um. Það samstarf hefur gengið vel og ljóst að á meðan starfsemi SOS er með þeim hætti sem hún er í dag er slík vinna fyrir SOS nauðsynleg. Hefur þetta hjálpað stjórn SOS mikið í sinni vinnu. Einnig hefur stjórn SOS fundað með starfsmönnum SASS varðandi það að blása lífi í verkefnið Umhverfis Suðurland og jafnvel útvíkkun á því verkefni. Það er alltaf þörf á því að halda fólki við efnið varðandi flokkun, endurnýtingu og endurnotkun og er því stjórn SOS ávallt tilbúin til að leggja sitt af mörkum er snýr að fræðslu og upplýsingagjöf.

Skoðun á brennslustöð í Finnlandi

Formaður SOS hélt til Finnlands ásamt fulltrúum Sorpstöðvar Suðurlands, Sorpu, Sorporku og Terra þann 19. janúar 2024. Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér svo kallaða örbrennslustöð sorps hjá fyrirtækinu Ferroplan/Ferropower í Finnlandi.

Stöðin sem skoðuð var er um 1Mw og framleiðir heitt vatn til húshitunar á byggingum fyrirtækisins á lóðinni en umfram vatn er selt inn á fjarvarmaveitu sveitarfélagsins. Til að setja stöðina í stærðarsamhengi, gæti hún kynt um 80 einbýlishús á ársgrundvelli. Sem

orkugjafa nýtir stöðin óendurvinnanlegt sorp frá heimilum og fyrirtækjum. Áætlað er að stöðin geti brennt allt að 2.500 tonnum árlega.

Það var virkilega áhugavert að kynna sér aðstæður og að sjá stöðina í fullri virkni. Eftir skoðun var fundað með eigendum og framleiðendum stöðvarinnar þar sem farið var nánar yfir tækniupplýsingar og ýmsum spurningum svarað. Fyrirtækið er nú í samningaviðræðum við u.þ.b. 15 aðila, sveitarfélög og fyrirtæki um kaup á stöð. Einungis er þó ein stöð sem hefur verið framleidd og rekin án vandkvæða undanfarin 4 ár. Um er að ræða möguleika sem hefur ekki verið í umræðunni áður þ.e. varðandi stærð, kostnað og nauðsynlegan mengunarbúnað. Þær minni stöðvar sem áður voru í notkun á Íslandi t.d. á Kirkjubæjarklaustri uppfylltu ekki kröfur til mengunar og var því lokað. Í umræðunni sl. ár hefur komið fram að eini raunhæfi möguleikinn til þess að byggja brennslu á Íslandi sé að huga að margfalt stærri lausnum til þess að hún hreinlega borgi sig. Því er hér um nýjar hugmyndir að ræða sem vekja verðskuldaða athygli.

Það er ljóst að stöð eins og sú sem skoðuð var er virkilega spennandi kostur til nánari skoðunar fyrir sveitarfélög/sorpsamlög á Íslandi og er nú þegar í skoðun uppsetning á slíkri stöð á starfsvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.

Lokaorð

Úrgangsmál sveitarfélaga eru og verða um ókomna tíð eitt af stóru verkefnum hvers sveitarfélags. Vissulega hefur tilgangur SOS breyst í tímans rás, en byggðasamlagið hefur verið duglegt að fjárfesta til framtíðar til að leita lausna og einnig til að bregðast við aðkallandi aðstæðum og lagt í það verkefni bæði fjármuni og metnað.

Ég hef fulla trú á því að starfsemi SOS eigi eftir að dafna og verða enn mikilvægari fyrir sín aðildarsveitarfélög þegar fram líða stundir. Heimur sorpmála er flókinn og krefst fjölbreyttra úrlausna. Sveitarfélög á Suðurlandi hafa verið í fararbroddi í úrlausnum sorpmála hingað til og verða það áfram.

Að lokum þakka ég kærlega fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt með því að fá að sitja í stjórn frá 2018 og sem formaður frá 2022. Það hefur verið mér sannur heiður að vinna fyrir aðildarsveitarfélögin á þessum vettvangi.

F.h. stjórnar SOS

Anton Kári Halldórsson